



## **Leiðbeiningar fyrir setlaug frá NORM-X sem komið er fyrir ofaná frostfrían jarðveg, hellur, steiptan pall eða tréfall.**

Þegar koma skal setlaug fyrir ofaná frostfrían jarðveg, hellur, steiptan pall eða tréfall er að mörgu að huga. Best er að smíða tréfall undir setlaugina sem síðan situr á jarðveginum, hellunum, steipta pallinum eða tréfallinum. Þannig er hægt að setja setlaugina í rétta hæð, hafa stuðning undir setlaugina lárétta og slétta. Aðgengi fyrir allar lagnir verður auðvelt og mögulegt er að forma tröppur og klæðningu að ósk hvers og eins. Pallurinn er smíðaður eftir venjubundnum aðferðum. Undirstöður þurfa að vera traustar og tryggt að þær hreyfist ekki. Vegna þunga vatnsins skal hafa fleiri undirstöður á því svæði á pallinum þar sem setlaug er staðsett. Vanda skal smíði tréfallsins og tryggja að palladekk og bitar undir palladekki geti ekki hreyfst upp, niður eða til hliðar með tímanum. Sumir hafa farið þá leið að setja stórar hellur undir setlaugina en það hefur þann ókost að erfitt er að setja setlaugina í rétta hæð og hafa lárétta. Auk þess er hætt á að hellurnar hreyfist með tímanum þar sem þær eru ekki festar saman eins og timbur.

Koma skal öllum lögnum (bæði vatns- og rafmagnslögnum) fyrir sem eiga að liggja að og frá setlauginni áður en undirlag er frágengið, t.d. áður en hellulagt er eða pallur steiptur. Tengibúnaður fyrir setlaug er tengdur við þessar lagnir þegar setlaug er komið fyrir. Eins rafmagn ef það verður notað. Niðurfall undir botn setlaugar er oftast 90° hné með 50mm PVC barka sem drenlögn. Tryggja þarf pláss fyrir niðurfallið, lámarg 15cm hæð og ca 15-20cm breidd. Passa þarf réttan vatnshalla á drenlögn til að tæma lagnir fyrir frost.

Þegar staðsetja á setlaug er gott að hún sé staðsett ca 30-40 cm frá húsvegg eða skjólvegg til að lok á setlaug hafi pláss til að opnast. Tryggja skal að lok geti ekki lokast eða fallið tilbaka að sjálfu sér.

Vatnspungi setlaugarinnar skal hvíla á setu og botn setlaugar en klæðning og brún setlaugarinnar á ekki að bera uppi vatnspungann. Þægilegast er að láta setu setlaugarinnar hvíla á palladekkinu, fella neðri hlutann á setlauginni niður í pallinn. Alltaf þarf að gera ráð fyrir að smíða tröppu til hliðar við setlaugina svo auðvelt sé fyrir fólk að komast í og úr setlauginni. Á skýringarmynd hér neðar er sýnd þannig trappa vinstra megin en hægra megin er klæðning látin ná beint niður á undirlag. Við það getur hæð upp í setlaug verið frá 100cm sem er alltof

mikið til að komast í setlaugina. Best er því að láta neðri pallinn sem er undir botn setlaugarinnar ná vel út fyrir setlaugina og búa þannig til tröppu. Þá er búið að uppfylla lágmarks hæð samkvæmt byggingarreglugerðum en það er 40cm. Auðvelt er líka fyrir fólk að komast í og úr setlauginni þar sem hæð er ca 59-69 cm sem klofa þarf yfir. Botn setlaugar fer því þannig niður í palladekkið og þar er búinn til annar pallur. Oftast úr sama timbri, dokaplötum eða krossvið. Sumir hafa farið þá leið að setja sand undir botninn. Sandurinn er þá þjappaður vel með vatni og þannig frá gengið að hann geti ekki runnið burt með tímanum.

Gera skal gat í palladekkið sem fylgir lögum setlaugarinnar, t.d. ef setlaug er hringlótt þá verður gatið líka hringlaga. Ef setlaug er átthyrnt verður gatið líka átthyrnt. Gatið skal vera eins þröngt og hægt er og skal fylgja þeim málum sem NORM-X ráðleggur fyrir hverja tegund af setlaugum. Eins skal hæð á milli palladekks og neðri palls einnig vera eins og NORM-X ráðleggur. Annars gæti ábyrgð fallið úr gildi.

Ef setlaugin er útbúin með ljósum eða nuddbúnaði þarf að gera ráð fyrir þeim hlutum þegar bitar eru settir undir pallinn þar sem setlaugin er. Hugsanlega þarf að taka göt úr bitum vegna ljósa og lagna fyrir nudddælu. Ljós og inntak fyrir nudddælu eru yfirleitt staðsett á hliðum botnsins, undir palladekkinu. Því þarf að huga að því hvernig setlaug verður sett niður með þessum búnaði og hvernig ljós og inntak fyrir nudddælu lenda á bitum og öðru timbri sem er undir palladekkinu. Eins þarf að ákveða hvernig setlaug á að snúa gagnvart sól, vindi, legubekk og tröppu í setlaug. Einnig hvernig setlaug mun snúa þannig að best sé að fara í og úr setlauginni. Þegar það er ákveðið þarf líka að taka tillit til hvar ljósin lenda og hvar staðsetja á nudddæluna við setlaugina. Huga þarf líka að staðsetningu kúlulokans sem tæmir setlaugina og hvort notað verður framlengi skaft á kúlulokann.

Eftir að setlaug hefur verið tengd við allar lagnir, í og úr, skal fylla setlaugina af vatni. Kanna skal ástand lagna, hvort einhver leki er. Ef ljós eða nudd er í setlauginni þarf líka að prófa þann búnað áður en klætt er kringum setlaug. Efir að setlaug hefur verið fyllt einu sinni af vatni er hægt að fara að klæða kringum setlaugina. Klæðningin fer eftir þeim aðstæðum sem eru í boði og þeim hugmyndum sem fólk hefur sjálft.

Við uppsetningu skal hafa í huga að hægt verði að komast að öllum lögnum, ljósum, nuddbúnaði, krönum og öðru sem þjónusta þarf af og til. Vatnspunginn getur orðið vel yfir 2 tonn. Vanda skal því allan frágang á smíði á undirstöðum og stuðning undir setlaugina.

# Skýringamynd.

